

Útdráttur

Meginmarkmið ritgerðarinnar var að skoða hvað felst í bekkjarstjórnun. Bekkjarstjórnun er ferli sem kennarar þurfa að ganga í gegnum til að leiða nemendur sína best til náms. Skoðaðar voru ritaðar heimildir bæði á Netinu og í bókum. Einnig gerðum við athugun í einum grunnskóla á nokkrum atriðum er snúa að bekkjarstjórnun. Við höfum komist að því að kennarar standa ekki einir í þessu ferli, að baki þeim er skólasamfélagið og hver skóli semur heildarstefnu þar sem fram kemur hvernig hann ætlar að ná góðri stjórnun og hvað hann ætlar að gera ef það tekst ekki. Það mikilvægasta sem kennari getur gert er að undirbúa og skipuleggja sig vel. Þá er hann undirbúinn fyrir kennslustundina og hið óvænta sem oft fylgir kennslunni. Með því að velja kennsluáðferðir við hæfi námsefnisins og nemendanna getur hann virkjað marga ef ekki alla nemendur sína. Til þess að virkja nemendur þarf virkt nám, þ.e. að nemendur fái til dæmis að kljást við verkefni sem hæfa getu þeirra. En það er bara hægt ef kennarinn hefur ásamt nemendunum sett reglur fyrir bekkinn sem allir fara eftir, þar með talið kennarinn. Einnig þarf kennarinn að vara sig á því hvernig hann kemur fram við nemendur og hvernig fas hans og líkamsstaða er því allt þetta gegnir veigamiklu hlutverki í samskiptum kennara og nemenda. Samskiptin þurfa að einkennast af virðingu og jákvæðni en það stuðlar að góðum og jákvæðum bekkjaranda.

Þó svo foreldrar beri frumábyrgð á börnum sínum er það umsjónarkennarinn sem ber ábyrgð á nemendum sínum á skólatíma. Ef þessir tveir aðilar taka höndum saman og samræma boð og bönn ætti að vera léttara fyrir nemendur að vita til hvers er ætlast af þeim í skólanum og þar af leiðandi getur bekkjarstjórnunin orðið betri. Agavandamál og slæm hegðun í kennslustofu geta leitt til þess að kennara finnist kennarastarfið erfitt og jafnvel leiðinlegt. Til þess að ná sem bestum árangri í starfi þurfa kennarar að hafa góða bekkjarstjórnun. Með góðri bekkjarstjórnun býður kennarastarfið upp á skemmtilega, áhugavekjandi og fjölbreytta atvinnu.

Abstract

The main objective of this paper is to study classroom management and what classroom management consists in. Classroom management is an approach, which teachers need to apply in order to guide their students in their studies. We did a research on written source material both through the Internet and through publications. We also did a study on a number of factors concerning classroom management in one school. We have found that teachers do not stand alone during this process because the school community is behind them and each school forms an overall policy whereby it sets out how the school intends to obtain good management and what it plans to do in the event of failure to do so. The most important thing that a teacher can do is to prepare him-/herself and organize his/her work well. If this is done the teacher will be prepared for each class and for unexpected occurrences that frequently accompany teaching. By selecting teaching methods that are appropriate for the lesson and the students in question the teacher will be able to stimulate the interest of many if not all of his/her students. In order to stimulate the students' interest you need methods whereby the students become active, i.e. for instance as when students have to work on assignments that suit their capabilities. This however is only feasible if the teacher in collaboration with the students begins by setting forth classroom rules, which all must follow including the teacher. The teacher must also be careful how he/she treats the students as well as with how his/her demeanour and posture is towards the students, because all of this is important in the teacher/student relationship. The relationship must be characterized by respect and a positive attitude because all of this will contribute to a good and positive classroom spirit.

Although parents carry the primary responsibility for their children it is the supervisory teacher who is responsible for the children during school hours. If these two parties start collaborating and coordinating their own rules for what is allowed and what is not allowed it makes it easier for the students to know what the school expects of them and accordingly classroom management should improve. Problems of discipline and bad behaviour in the classroom may result in the teacher finding his/her job difficult and even boring. In order to be able to achieve the best results in their work teachers will need to apply good classroom management. By applying good classroom management a teacher's job offers an enjoyable, interesting and multifarious profession.